



## Auður Hlín Ólafsdóttir

**MS-ritgerð:** Notkun benzodíazepín-lyfja á Íslandi á árunum 2011-2020 – Samanburður við Norðurlöndin

**Höfundur:** Auður Hlín Ólafsdóttir er fædd árið 1976 á Selfossi. Hún er alin upp á Stokkseyri og vann lengst af sem forstöðumaður skóladagvistunar og aðstoðarmatráður. Hún lauk stúdentsprófi af Verk- og raunvísindadeild Keilis árið 2015 og hóf þá nám í lyfjafræði. Auður Hlín hefur starfað með náminu á hjúkrunarheimili á Selfossi og í apóteki. Að lokinni útskrift mun hún starfa sem lyfjafræðingur á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og í apóteki. Auður Hlín er í sambúð með Gunnari Þór Geirssyni og saman eiga þau fimm börn.



**Stuttur útdráttur úr ritgerð:** Mikil umræða hefur verið um notkun róandi- og kvíðastillandi lyfja á Íslandi og var markmið rannsóknarinnar að kanna hvort mynstur ávísunar benzodíazepín-lyfja á Íslandi væri frábrugðið mynstri hinna Norðurlandanna. Þegar skoðuð voru öll benzodíazepín-lyfin sem seld voru á Íslandi á tímabilinu 2011-2020 var samdráttur á fjölda notenda 12%, en á Norðurlöndunum var samdrátturinn 32%. Á Íslandi voru fleiri notendur á hverja 1.000 íbúa miðað við hin Norðurlöndin en aftur á móti voru mun færri skilgreindir dagskammtar á hvern notanda að meðaltali á hverju ári á Íslandi miðað við hinar Norðurlandapjóðirnar. Mikilvægt er að vinna að góðum leiðbeiningum um notkun og ávísun benzodíazepín-lyfja sem aðgengilegar væru bæði heilbrigðisstarfsfólki sem og almenningi. Einnig þarf að auka umræðuna um stefnu í ávísun benzodíazepín-lyfja á Íslandi til þess að draga úr notkun lyfjanna.